

Öryggis- og heilbrigðisstefna Steinull hf.

Öryggis- og heilbrigðisstefna

Stefnan byggir á því að öryggi, heilsa og vellíðan starfsfólks sé ávallt í fyrirrúmi og tryggt sé að vinnuaðstaða og heilsusamlegt vinnuumhverfi sé til staðar í fyrirtækinu.

Steinull skuldbindur sig til að vera til fyrirmyndar í öryggismálum og gera sitt besta í að vernda heilsu, öryggi og velferð þeirra sem starfa eða heimsækja vinnusvæði Steinullar.

Steinull er með virkt öryggisstjórnunarkerfi og stefnir að framúrskarandi frammistöðu í öryggismálum og kappkostar að ná markmiðum um slysalausan vinnustað, á hverju ári.

Þurfi á aðgerðum að halda á vinnustaðnum, sem miða að því að fyrirbyggja slys eða heilsutjón starfsmanna, hafa þær aðgerðir forgang.

Stefnumarkmið

Steinull hefur einsett sér að vinna með virkum og skipulögðum hætti í daglegri starfsemi sinni og ákvörðunartöku við að ná markmiðum sínum í öryggis- og heilbrigðismálum með því að:

- Stuðla að öruggu og heilsusamlegu vinnuumhverfi til að koma í veg fyrir vinnutengd meiðsl eða veikindi
- Uppfylla allar lagalegar kröfur sem lúta að öryggis- og heilbrigðismálum
- Skilgreina mælanleg öryggismarkmið, meta og eyða, eða stýra með öðrum hætti áhættum sem eru í vinnuumhverfi Steinullar
- Vakta árangur í öryggis- og heilbrigðismálum og miðla til starfsmanna
- Stuðla að menningu innan Steinullar þar sem hver starfsmaður tekur persónulega ábyrgð gagnvart öryggi sínu og velferð samstarfsmanna sinna
- Veita starfsmönnum hjálfun og hvetja til þátttöku starfsmanna í öryggismálum með því að eiga opin og skýr samskipti við starfsmenn í þeim tilgangi að skapa gagnvirka öryggismenningu
- Leggja áherslu á heilbrigðan lífsstíl starfsmanna fyrirtækisins, innan sem utan vinnustaðar
- Viðhalda vottun fyrir ISO 45001 og bæta stöðugt frammistöðu í öryggis- og heilbrigðismálum út frá niðurstöðum vöktunar og mælinga ásamt reglulegum skoðunum og úttektum á stjórnkerfi öryggis- og heilbrigðismála Steinullar

Öryggis- og heilbrigðisstefnan tekur til allrar starfsemi Steinullar og starfsfólk jafnt sem verktakar skulu virða hana og framfylgja gildum ofangreindrar stefnu í daglegum störfum sínum.

Sauðarkróki, júní 2024
Stefán Logi Haraldsson
Framkvæmdastjóri

1S-06-02